

Ed.

121. Frumvarp til laga

[97. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

I. KAFLI

Stjórn brunamála.

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn brunamála í landinu.

2. gr.

Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála, og er verksvið hennar svo sem hér segir í 3. gr.

Ráðherra skipar brunamálastjóra ríkisins til að veita brunamálastofnuninni forstöðu, og skal hann vera verkfræðingur með sérþekkingu á brunamálum. Brunamálastjóri er jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, sem að brunamálum lýtur.

Brunamálastjóri ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar í samráði við ráðuneytið, og taka þeir laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna.

3. gr.

Auk þess, er segir í 2. gr., er verksvið brunamálastofnunarinnar eftirfarandi:

- a. Að leiðbeina sveitarstjórnnum (bæjarstjórnnum og hreppsnefndum) um allt það, er lýtur að brunavörnum, þar með talið eftirlit með því, að nýbyggingar, viðbætur og endurbætur á vatnsveitukerfum komi að sem mestum notum við slökkvistarf.
- b. Að hafa á hendi brunavarnaeftirlit með öllum meiriháttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og benzín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum, hótelum o. s. frv.
- c. Að yfirfara uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiriháttar breytingum á mannvirkjum töldum í b-lið, til þess að ganga úr skugga um, að lögum og reglugerðum um brunamál sé fullnægt. Óheimilt er að afgreiða slíka uppdrætti í byggingarnefndum eða hefja framkvæmdir, nema brunamálastofnunin hafi áður samþykkt uppdrættina.
- d. Að vinna að samræmingu á brunahönum, slöngutengingum og öðrum slökkvibúnaði.
- e. Að hafa æfingar með slökkviliðum og halda námskeið fyrir slökkviliðsmenn.
- f. Að halda uppi rannsóknarstarfsemi á sviði brunamála, leiðbeina um val og uppsetningu á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum.
- g. Að beita sér fyrir aukinni kynningar- og fræðslustarfsemi varðandi brunavarnir, þar með talið að semja árlega skýrslu um orsakir eldsvoða. Skulu slíkar skýrslur sendar tryggingafélögunum og aðalniðurstöður þeirra birtar opinberlega.
- h. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál, og sjá svo um, að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.
- i. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.

4. gr.

Kaupstaðir og kauptún, þar sem íbúar eru 300 eða fleiri, skulu halda uppi brunavörnum, er séu í samræmi við eðlilegar kröfur um öryggi gegn eldsvoða, og kosta þær.

Heimilt er sveitarstjórn að kjósa sérstaka brunamálanefnd til að fara með brunamál í sveitarfélaginu, og ákveður hún tölu nefndarmanna o. s. frv., sbr. 30. gr.

Ef brunamálanefnd er ekki kosin, fer bæjarstjórn (bæjarráð) eða hreppsnefnd með störf brunamálanefndar. Þegar talað er í lögum þessum um brunamálanefnd, er einnig átt við þessa aðila.

Ályktanir brunamálanefndar eru háðar samþykki sveitarstjórnar.

Sá, sem telur rétti sínum hallað með ályktun sveitarstjórnar (brunamálanefndar), getur skotið slíkri ályktun til félagsmálaráðherra, sem fellir fullnaðarúrskurð um málið að fenginni umsögn brunamálstjóra.

Ráðuneytið getur ákveðið, að ákvæði þessarar greinar skuli gilda utan kaupstaða og kauptúna. Þar fer hreppsnefnd með verkefni brunamálanefndar.

II. KAFLI

Um slökkvilið og slökkvistarf.

5. gr.

Brunavarnir, skv. 4. gr., eru m. a. í því fólgnar, að hlutaðeigandi sveitarfélag hafi slökkvilið, sem fullnægi þeim kröfum um öryggi, sem unnt er að krefjast miðað við aðstæður.

6. gr.

Sveitarfélögum, sem lög þessi ná til, skv. 4. gr., er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og útbúnaði til slökkvistarfs og brunavarna, þar með talið nauðsynlegt húsnæði. Þeim ber og að hlutast til um, að nægilegt vatn sé fyrir hendi til slökkvistarfs.

7. gr.

Sveitarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra að fengnum tillögum brunamálanefndar. Slökkviliðsstjóri, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnandi slökkviliðs. Hann hefur og umsjón með öllum tækjum slökkviliðsins og brunahönum.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 18–60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til slökkviæfinga allt að 20 klst. á ári, og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum, skv. nánari reglum um útköll. Brunamálanefnd skipar menn í slíkt slökkvilið, að fengnum tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Heimilt er að skjóta ákvörðun hennar til fullnaðarúrskurðar ráðherra.

9. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum, má takmarka skyldur samkv. 8. gr. eða fella þær niður.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

10. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að kveðja til slökkvistarfa eins marga menn og hann telur nauðsynlegt, og getur enginn skorast undan þeirri skyldu. Slík aðstoð skal veitt án endurgjalds.

11. gr.

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum samkv. kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf

í þágu brunavarna, samkv. ákvæðum í e-lið 31. gr. laga um almannatryggingar nr. 40/1963. Þeir, sem verða fyrir beinu tjóni við slökkvistörf, eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði. Náist ekki samkomulag, skulu skemmdir metnar af dómkvöddum mönnum.

12. gr.

Félagsmálaráðuneytið getur að nokkru eða öllu leyti undanþegið kaupstað eða kauptún þeirri skyldu að hafa slökkvilið, ef hlutaðeigandi sveitarfélag hefur samið um, að slökkvilið í nærliggjandi kaupstað eða kauptúni annist slökkvistarf. Um slíka samvinnu skal gera skriflegan samning, og skal hann staðfestur af félagsmálaráðuneytinu að fenginni umsögn brunamálastofnunarinnar.

13. gr.

Verði eldur laus eða bráð hætta er á, að svo fari, þá skal sá, er þess verður vís, slökkva eldinn eða afstýra hættu, ef honum er það kleift. Geti hann það ekki, skal hann tafarlaust aðvara þá, sem í hættu eru, og kveðja til hjálp.

14. gr.

Hverjum manni er skylt, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því, að brotið verði niður og rutt burt því, sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar, ef slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld, sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf, þegar eldsvoða ber að höndum.

15. gr.

Fjártjón, sem hlýzt af ráðstöfunum samkv. 14. gr., telst brunatjón.

16. gr.

Ef lögreglustjóri býr í sveitarfélaginu, skal hann ásamt lögregluliði staðarins annast löggæzlu við slökkviliðsæfingar og slökkvistörf, en ella hreppstjóri eða sérstakur fulltrúi, sem lögreglustjóri skipar. Við eldsvoða er löggæzluliði á brunastað undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögreglulið skal sjá slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf til að gegna störfum sínum, og varðveita muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

17. gr.

Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim, sem þessir aðilar kveðja til, að fjarlægja hvern þann, er truflar slökkvistarf, og gera fullnægjandi ráðstafanir til, að hann valdi ekki frekari truflun.

18. gr.

Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við að slökkva eld utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni, hversu mikið af tækjum og mannafla megi senda með hliðsjón af því, að eigin umdæmi sé ekki stofnað í óeðlilega hættu.

Kostnaður við slíka aðstoð telst til brunavarnakostnaðar þess sveitarfélags, sem aðstoðar nýtur. Verði ágreiningur um kostnað, skal hann ákveðinn af dómkvöddum mönnum. Héraðsdómari (í Reykjavík yfirborgardómari) í því umdæmi, sem aðstoð veitir, útnefnir matsmenn.

III. KAFLI

Um brunavarnir og meðferð eldfimra efna.

19. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal sveitarstjórn, að fengnum tillögum brunamálanefndar, skipa mann eða menn til að annast sötun og eftirlit með eldfærum.

Um framkvæmd starfsins og gjald fyrir það skal ákveðið í reglugerð.

Félagsmálaráðuneytið getur að fengnum tillögum brunamálastofnunarinnar veitt mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau.

20. gr.

Eiganda eða umráðamanni fasteignar eða annars mannvirkis er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og búnaði til björgunar á fólki úr eldsvoða. Hann skal og, að svo miklu leyti sem eðlilegt getur talizt kostnaðar vegna, sjá um, að fyrir hendi séu tæki og útbúnaður til viðvörunar svo og til að slökkva og hefta útbreiðslu elds. Einnig ber honum að leggja til nægilegan mannafla til eftirlits með brunarústum eftir eldsvoða.

Félagsmálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum brunamálastofnunarinnar, lagt svo fyrir, að meiriháttar fyrirtæki geri sérstakar ráðstafanir til að sporna við eldsvoða hjá sér, t. d. með útvegum sérstaks búnaðar til slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í slökkvistarfi.

21. gr.

Nauðsynlegum útbúnaði vegna brunavarna má koma fyrir, hvar sem slíkt telst nauðsynlegt, ef það veldur ekki óeðlilegu tjóni eða óþægindum fyrir eiganda. Brunamálanefnd skal tilkynna aðila fyrir fram um slíkar aðgerðir. Bætur til eiganda skal greiða úr sveitarsjóði. Við ákvörðun bóta skal taka tillit til þess gagns, sem aðili kann að hafa af framkvæmdunum.

22. gr.

Enginn má fara þannig með eld eða eldfim efni, að eldsvoði geti auðveldlega af því hlotizt.

23. gr.

Engum er heimilt að búa til púður eða sprengiefni, nema hann hafi þar til leyfi ráðherra, sem þá setur jafnframt skilyrði til öryggis almenningi og þeim, er að slíkri framleiðslu vinna.

24. gr.

Í reglugerð má kveða á um meðferð, flutning og varðveislu sprengiefnis. Einnig getur ráðherra sett reglugerð um meðferð og sölu skotelda.

Hver sá, sem flytur inn púður eða sprengiefni, skal hafa til þess leyfi lögreglustjóra. Ef sprengiefni þykir sérstaklega hættulegt í meðförum, má banna innflutning þess.

IV. KAFLI

Um tilkynningu eldsvoða og rannsókn.

25. gr.

Sá, sem verður fyrir brunatjóni, eða sé hann ekki viðstaddur, þá sá, er kemur í hans stað, er skyldur að tilkynna brunann hlutaðeigandi tryggingafélagi, svo og lögreglustjóra, fulltrúa hans, sbr. 16. gr., eða hreppstjóra, svo fljótt sem unnt er.

26. gr.

Héraðsdómari (í Reykjavík sakadómur) skal, eins fljótt og við verður komið, halda réttarrannsókn út af bruna til þess að komast að orsök hans og atvikum öll-

um. Réttarrannsókn má þó falla niður, ef brunatjón nemur ekki 10 000.00 kr. og eldsupptök eru kunn. Afrit af dómögögnum skal senda til viðkomandi tryggingafélaga og til brunamálastofnunarinnar. Héraðsdómur skal einnig senda brunamálastofnuninni upplýsingar um eldsupptök, þótt réttarrannsókn fari ekki fram.

V. KAFLI

Um brunavarnagjald o. fl.

27. gr.

- a. Öll tryggingafélög og aðrir, er tryggingar annast, skulu greiða brunamálastofnuninni 1.25% af brúttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga) á fasteignum og lausafé. Sama gildir um tryggingu, sem innifelur bæði brunatryggingu og annars konar tryggingu. Skulu framlög þessi greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör við hvert félag fer fram, þegar ársreikningar liggja fyrir.
- b. Brunamálastofnun skal semja gjaldskrá og fá hana staðfesta af ráðuneytinu. Í gjaldskrá þessari skal kveðið á um skoðunargjöld og önnur gjöld, er brunamálastofnunin tekur fyrir veitta þjónustu.
- c. Það, sem á kann að vanta, að framangreindir tekjustofnar nægi til þess að standa undir rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

28. gr.

Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi, að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

Honum og eftirlitsmönnum hans skal heimil umferð um hífýli manna, vinnustaði og aðra þá staði, þar sem eftirlits skv. 1. mgr. er þörf.

29. gr.

Nú kemur í ljós, að ákvæði laga þessara eða reglugerðar eru brotin, og skal þá slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til, að úr sé bætt. Hann leggur málið fyrir brunamálanefnd, sem ákveður, hvort senda skuli málið til héraðsdómara (í Reykjavík sakadóms).

Brunamálanefnd getur ákveðið, að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda, eða ákveðið honum dagsektir allt að 1000 krónur á dag, unz úr er bætt, og renna þær í sveitarsjóð. Þá getur hún og ákveðið, ef almannahætta stafar af því, að ekki er fylgt settum reglum, að rekstur fyrirtækis sé stöðvaður, framkvæmdum hætt eða aðrar slíkar ráðstafanir gerðar, unz úr hefur verið bætt, og er lögreglu skylt að veita aðstoð við framkvæmd slíkrar ráðstöfunar.

Ef mál er svo vaxið, að slökkviliðsstjóri telur, að ráðstafanir skv. 2. mgr. þoli ekki bið, getur hann látið framkvæma þær þegar í stað, en leggja skal málið fyrir brunamálanefnd svo fljótt sem unnt er.

30. gr.

Nú telur brunamálastjóri, að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar, og brunamálanefnd (slökkviliðsstjóri) gerir ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta, skv. 29. gr., og hefur hann þá rétt til að beita þeim heimildum, sem henni eru veittar í þeirri grein.

Ef hann telur, að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni skv. lögum þessum, þá er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs.

31. gr.

Ráðherra setur, að fenginni tillögu brunamálastjóra, reglugerð, þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki ráðherra að setja sérstaka samþykkt um stjórn og meðferð brunamála í sveitarfélaginu.

32. gr.

Um matsgerðir skv. lögum þessum fer skv. lögum nr. 61/1917.

33. gr.

Gjöld og dagsektir skv. lögum þessum, svo og kostnað skv. 2. mgr. 30. gr., má innheimta með lög taki.

34. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerð skv. þeim varða sektum 1000—100 000 krónum, en varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru numin úr gildi lög nr. 37/1948, um brunavarnir og brunamál, svo og lög nr. 28/1945, um brunamál í Reykjavík.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp var flutt á síðasta þingi, og fylgdu því þá eftirfarandi athugasemdir:

„Skipulagðar brunavarnir eiga sér ekki langa sögu á Íslandi. Strjálbýlið hér á landi gerði ókleift að koma slíku við. Þegar eldur kom upp, urðu menn að treysta á eigið atfylgi og náganna sína til slökkvistarfa.

Svo hefur oft verið talið, að bæjarbrunar hafi ekki verið tíðir á fyrri öldum, enda bæjarhús ekki nema að litlu leyti úr eldfimu efni. Fleira hafi komið til, alkunn er vísa Látra-Bjargar:

„Látra aldrei brennur bær
bleytan þessu veldur.“

Athugun á annálum, sem eru helzta heimildin um þessi efni, gefur hins vegar ástæðu til að ætla, að bæjarbrunar hafi þó verið furðu tíðir á fyrri öldum.

Brunahættan var mest á stórbýlum, þar sem helzt var byggt úr timbri. Af eðlilegum ástæðum er slíkra bruna fremur getið en bruna annars staðar. Af stórbrunum má nefna t. d. brunann í Hítardal 1148, sem talinn er mannskæðastur allra bruna á Íslandi, bruna á biskupsstólunum, einkum stórbruna í Skálholti 1309, 1527 og 1630, sem olli óbætanlegu tjóni. Getið er mikilla bruna á klausturjörðum eins og t. d. Möðruvöllum, Munkaþverá, Reynistað og Helgafelli. Þá eru og frásagnir um stórbruna, t. d. á Haga á Barðaströnd, Leirá í Borgarfirði og Stórólshvoli. Þessi dæmi eru af handahófi tekin.

Þegar byggð tók að aukast í Reykjavík um miðja 18. öld með tilkomu „Innréttinganna“, skapaðist þar veruleg brunahætta, enda stóð ekki á því, að eldsvoði ylli þar miklu tjóni. Árið 1764 brunnu þrjú verksmiðjuhúsanna og aftur varð bruni 1773. Munu þá hafa verið gerðar nokkrar öryggisráðstafanir, m. a. var næturverði „Innréttinganna“ falið að fylgjast með notkun elds, sbr. erindisbréf, dags. 3. okt. 1778.

Eftir að Reykjavík fær kaupstaðarréttindi, er hinum sérstaka næturverði bæjarins falið að gera aðvart um eldsvoða og gera ýmsar ráðstafanir í því sambandi,

og er um þetta fjallað í erindisbréfi, dags. 16. apríl 1791. Við þetta sat til 1. apríl 1807, en þann dag gaf stiftamtmaður út auglýsingu um varnir gegn brunahættu í Reykjavík. Munu það væntanlega vera fyrstu reglur þeirrar tegundar, sem settar voru hér á landi, en lítt munu þær hafa verið haldnar. Vísir að slökkviliði tekur að þróast hér á öðrum þriðjungi 19. aldar, en 1875 eru sett sérstök lög um brunamál-efni í Reykjavík, lög nr. 20, 15. október 1875. Er mjög nákvæmlega kveðið þar á um meðferð brunamála. Þau lög héldu gildi sínu, unz sett voru nógildandi lög um brunamál-efni í Reykjavík nr. 28, 12. febrúar 1945.

Heildarlög um brunamál utan Reykjavíkur voru fyrst sett með lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, og var svo mælt fyrir í 39. gr., að lögín giltu fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur, verzlunarstaði og aðra þá staði og húseignir, sem eigi féllu undir lög frá 20. október 1905, um váttryggingu sveitabæja og annarra húsa í sveitum utan kauptúna.

Jafnhliða þessum lögum giltu sérlög um slökkvilið á Ísafirði frá 1883, Seyðisfirði frá 1901, Akureyri frá 1905 og Hafnarfirði frá 1909. Árið 1901 voru sett sérstök lög um skipun sólara í kaupstöðum utan Reykjavíkur.

Öll þessi löggjöf var afnumin með nógildandi lögum nr. 37, 1. apríl 1948, en samkvæmt þeim var síðan sett reglugerð nr. 167/1949.

Með þessari löggjöf var vissulega stigið spor í rétta átt, en reynslan hefur þó sýnt, að mikilla úrbóta er þörf. Á fimnum ára tímabilinu árin 1962—1966, að báðum árum meðtöldum, voru samanlagðar tjónabætur tryggingafélaganna vegna bruna sem hér segir:

Vegna fasteigna	126 millj. kr.
Vegna lausafjár	214 — —

Samtals 340 millj. kr.

Þetta gerir til jafnaðar 68 millj. á ári eða sem næst 350 kr. á íbúa á ári að meðaltali. Ekki liggja fyrir endanlegar tölur fyrir yfirstandandi ár (1967), en allt bendir til, að samanlagt tjón á lausafé og fasteignum verði talsvert á þriðja hundrað milljónir króna, og verður því um algjört metár að ræða í þessum efnum. Í sambandi við upphæðir þessar er vert að hafa í huga, að hér er einungis um samanlagðar tjónabætur tryggingafélaganna að ræða. Hið raunverulega tjón er miklu hærra, því að algengt er, að bæði fasteignir og lausafé sé stórlega undirtryggt og hið siðarnefnda jafnvel ótryggt með öllu. Þar við bætist svo óbeint tjón, t. d. rekstrarstöðvanir af völdum eldsvoða. Þótt einstaklingar og fyrirtæki fái, þegar bezt lætur, tjón sitt að fullu bætt hjá tryggingafélögum, þá verður ekki hið sama sagt um þjóðfélagið í heild. Þar koma brunatjónin fram sem hreint tap og það tap verður að verulegu leyti að greiða í erlendum gjaldeyri í formi endurtryggingaiðgjalda.

Samanburður á brunatjónum á Íslandi og í nágrannalöndum okkar leiðir í ljós, að meðaltjón á íbúa er hér tvöfalt til þrefalt hærra en þar, ef miðað er við árin 1962—1965, og stórversnar það hlutfall enn, ef árið 1967 er tekið með.

Til frekari glöggvunar á því, hvílíka fjármuni hér er um að ræða, má benda á, að samanlagðar tjónabætur árin 1960—1967 mundu nægja til þess að greiða alla verktakavinnu við Búrfellsvirkjun, og andvirði þess, sem brunnið hefur á yfirstandandi ári, hefði nægt fyrir öllum byggingarkostnaði Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn, og vel það.

Auðvelt er að sýna fram á, að hið margfalda met Íslendinga í brunatjónum stafar að verulegu leyti af skorti á eftirliti og vöndun á fræðslustarfsemi á sviði brunamála. Samkvæmt skýrslum tryggingafélaganna um upptök eldsvoða, eru tvær algengustu orsakirnar eftirfarandi:

Röng meðferð og umbúnaður eldfimra efna	11%
Ólíukynditæki	24%

Í þriðja sæti kemur svo rafmagnið með 7%. Frá því árið 1948 hafa verið í gildi ströng ákvæði um uppsetningu og meðferð olíukynditækja og opinbert eftirlit með þeim. Tæki þessi eru yfirleitt mjög vönduð og fullkomin og mundu örugglega sára-sjaldan valda tjóni, ef umbúnaður þeirra væri löglegur. Með auknu eftirliti ætti því að vera mögulegt að draga verulega úr þessum lið.

Varðandi ranga meðferð eldfimra efna er það að segja, að hér er ekki eingöngu eftirlitsleysi um að kenna, heldur einnig og kannske enn frekar vöntun á fræðslu-starfsemi. Það er t. d. allt of algengt, að iðnaðarmenn valdi íkveikju í sambandi við meðferð ýmiss konar efna, og þó aðallega nýrra, er þeir nota í starfi sínu.

Brunavarnaftirlit ríkisins hefur allt frá upphafi sínu haft á að skipa einum eftirlitsmanni, og hefur honum verið ætlað að hafa eftirlit með brunavörnum á öllu landinu utan Reykjavíkur. Þótt hann hafi margt vel gert, þá er framangreint verk-efni algjör ofætlun einum manni, enda árangurinn í samræmi við það. Til þess að verulegs árangurs megi vænta, þarf brunavarnaftirlitið að hafa á að skipa a. m. k. fjórum fastráðnum starfsmönnum. Tveir til þrír þeirra þurfa að vera í stöðugum eftirlitsferðum um landið. Einn þessara manna þarf að vera vanur slökkviliðsmaður og halda að staðaldri slökkviefingar með slökkviliðum utan Reykjavíkur.

Varðandi fræðslustarfsemin er það að segja, að halda þarf erindi og sýna kvik-myndir um brunamál í öllum helztu framhaldsskólum landsins, a. m. k. annað hvert ár. Efna þarf til kynningar á brunamálum í sjónvarpi, hljóðvarpi og dagblöðum og meðal starfshópa í einstökum greinum. Þá ber og brýna nauðsyn til þess að efna til námskeiða fyrir slökkviliðsmenn utan af landi í samvinnu við fullkornustu slökkviliðin á Íslandi, en þau eru í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Gætu slík námskeið orðið visir að brunatækniskóla, en slíkir skólar eru starfandi í öllum menningarlöndum nema hér. Enginn efi er á því, að stórlega mætti draga úr brunatjónnum, með því að auka tækjakost og bæta skipulagningu og hæfni hinna ýmsu slökkviliða í landinu. Eins og meðfylgjandi frumvarp ber með sér, er hér fyrst og fremst um heimildarlög að ræða, enda þykir óeðlilegt að binda í lögum ýmis framkvæmdaatriði og reglur um tæknimálefni. Þykir hagkvæmara að kveða á um slík atriði í reglugerðum eða samþykktum. Samning slíkra reglugerða verður geysimikið verk, og má búast við, að það verði eitt aðalverkefni væntanlegs brunamálastjóra á næstu árum.

Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af brunamálalöggjöf hinna Norðurlandanna, einkum þó Noregs og Svíþjóðar.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Í samræmi við 1. mgr. 1. gr. nógildandi laga.

Um 2. gr.

Í 3. mgr. 1. gr. nógildandi laga er kveðið á um hið almenna eftirlit með brunavörnum. Nauðsynlegt þykir að koma fastri skipun á eftirlitið og skapa því betri starfsskilyrði.

Frv. gerir ráð fyrir, að skipaður verði sérstakur brunamálastjóri, er sé verkfræðingur með sérþekkingu á brunamálum, og framkvæmdir, skv. lögum þessum, verði fengnar sérstakri brunamálastofnun.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið nánar á um verkefni brunamálastofnunarinnar. Má segja, að þau skiptist í tvo meginþætti: Annars vegar almennar varnaðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að eldur verði laus, og hins vegar ráðstafanir til að stuðla að því, að unninn verði bugur á eldi, sem laus er orðinn.

Undir fyrri þáttinn má heimfæra ýmiss konar leiðbeiningarstörf fyrir sveitarstjórnir og aðra, eftirlit með gerð uppráttu að mannvirkjum, þar sem sérstök

brunahætta er, brunavarnaeftirlit með atvinnufyrirtækjum, þar sem sérstök ástæða þykir til, samræmingu á slökkvibúnaði, rannsóknarstarfsemi o. s. frv.

Undir síðari þáttinn má heimfæra æfingar slökkviliða, eftirlit með vatnsveitukerfum o. s. frv.

Um 4. gr.

Í nágildandi lögum er skylda til að halda uppi slökkviliði miðuð við kaupstaði og kaupþún, sem hafa 200 íbúa eða fleiri. Í lögum eru reglur um kaupþún yfirleitt miðaðar við 300 íbúa, og virðist réttara að miða við þann íbúafjölda. Skv. 3. mgr. getur ráðuneytið ákveðið, að ákvæðin gildi utan kaupstaða og kaupþúna, þannig að ekki þarf að vera um efnisbreytingu að ræða.

Ástæðulaust virðist að binda í lögum, hvernig skipun brunamálanefnda skuli vera, þar sem þær á annað borð verða stofnaðar. Væri það og í ósamræmi við þá hugmynd, sem þykir sjálfsögð, að bæjarráð geti farið með störf brunamálanefndar í kaupstað, en hreppsnefnd utan kaupstaðar.

Þá þykir ekki heldur ástæða til þess að taka upp ákvæði 3. gr. laganna um fundarsköp brunamálanefnda.

Í 4. og 5. gr. laganna er kveðið á um verksvið og valdsvið brunamálanefndar. Ástæðulaust þykir að taka slíkt upp. Virðist sjálfsgagt, að þessi nefnd falli með eðlilegum hætti inn í stjórnkerfi sveitarfélaganna. Í reglugerð yrðu að sjálfsögðu sett nánari ákvæði um þessi efni.

Um 5. gr.

Ókleift er að setja fastar reglur um búnað slökkviliða, þar sem slíkt hlýtur mjög að fara eftir aðstæðum. Að öðru leyti virðist greinin ekki þurfa skýringar við.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega í samræmi við ákvæði 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. og athugasemd við 5. gr.

Um 7. gr.

Í samræmi við 4. og 6. gr. nágildandi laga.

Um 8. gr.

Í frv. er lagt til, að aldurshámark sé hækkað úr 55 árum í 60 ár, en að öðru leyti eru ákvæðin í aðalatriðum í samræmi við 1. og 3. mgr. 7. gr.

Um 9. gr.

Þessi ákvæði eru að mestu samhljóða 2. og 4. mgr. 7. gr.

Um 10. gr.

Í samræmi við 1. ml. 3. mgr. 7. gr. laganna.

Um 11. gr.

Að mestu samhljóða 9. gr. nágildandi laga.

Um 12. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, sem nauðsynlegt þykir að setja um sérstök lagaákvæði. Nú þegar munu ýmis sveitarfélög hafa samið sín á milli um slíkt. Má t. d. nefna, að Slökkvilið Reykjavíkur annast slökkvistarf í Kópavogi, Mosfells- hreppi og Seltjarnarneshreppi, skv. sérstökum samningi sveitarstjórnanna.

Til þess að staðreyna, að örugglega sé gengið frá málum, þykir nauðsynlegt að áskilja staðfestingu ráðuneytisins.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað 1. mgr. 22. gr. og 23. gr. nógildandi laga.

Um 14. gr.

Þessi ákvæði eru að mestu samhljóða ákvæðum 24. gr. laganna.

Um 15. gr.

Samhljóða 25. gr. nógildandi laga.

Um 16. gr.

Er í samræmi við 8. gr. nógildandi laga í öllum aðalatriðum.

Um 17. gr.

Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða ákvæðum í 27. gr. laganna.

Um 18. gr.

Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða 33. gr. laganna.

Um 19. gr.

Ákvæði frv. í samræmi við 1. mgr. 13. gr. nógildandi laga. Hins vegar þykir ástæðulaust að hafa í lögum ýtarleg ákvæði um, hvernig framkvæma skuli sót-hreinsun og eldfæraeftirlit, þar sem slíkt þykir eiga heima í reglugerð.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað ákvæða í 31. og 32. gr., en kveða nánar á um skyldur húseigenda en gildandi lög. Í 2. mgr. er um nauðsynleg nýmæli að ræða.

Um 21. gr.

Hér er um að ræða nýmæli, sem nauðsynlegt þykir að taka í lög.

Um 22. gr.

Í ýmsum greinum nógildandi laga er bönnuð tiltekin háttsemi, sem talið er að brunahætta geti stafað af. Má einkum nefna 10. gr. Slíkar upptalningar þykja ekki eiga heima í lögum, heldur sé nægilegt að kveða á um slíkt með almennum orðum.

Um 23. og 24. gr.

Þessi ákvæði eru svo að segja samhljóða 19. og 20. gr. nógildandi laga.

Um 25. gr.

Þessi ákvæði koma í stað 34. gr. nógildandi laga, og eru að mestu samhljóða þeim.

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað 35. og 36. gr. nógildandi laga. Um með-ferð slíkra mála fer skv. lögum nr. 28/1961, um meðferð opinberra mála.

Um 27. gr.

- a. Samkvæmt 1. gr. nógildandi laga á Brunabótafélag Íslands að greiða allan kostnað við brunavarnaeftirlit ríkisins. Brunabótafélagið hafði, er löggin voru sett, einkarétt á öllum brunatryggingum fasteigna utan Reykjavíkur, og mun

sú skipan hafa ráðið mestu varðandi þetta atriði. Nú hefur þessi einkaréttur fyrir löngu verið afnuminn, og verður því að teljast óeðlilegt, að Brunabótafélagið eitt beri þennan kostnað, og má raunar segja, að það hafi aldrei réttlátt verið, þar sem lausafjártryggingar hafa alla tíð verið frjálsar og samanlagðar iðgjaldatekjur af þeim eru mun hærri en af fasteignum. Brunavarnaeftirlit stuðlar að sjálfsögðu engu síður að því að draga úr tjónum á lausafé en á fasteignum.

Með hliðsjón af þessu verður að telja eðlilegt, að tryggingafélögin beri kostnaðinn við væntanlega brunamálastofnun í hlutfalli við brúttó iðgjaldatekjur af fasteignum og lausafé. Miðast gjaldið við, að það geti að mestu leyti staðið undir kostnaði við stofnunina. Á það skal bent, að til þess að tryggingafélögin fái þessi framlög til baka í lækkuðum bótagreiðslum, þurfa brunatjón aðeins að minnka um 2—3% vegna starfsemi stofnunarinnar. Eins og áður hefur verið sýnt fram á hafa brunatjón hér á landi verið tvisvar til þrisvar sinnum hærri en eðlilegt getur talizt, og ætti því framangreind lækkun ekki að vera ofætlun.

- b. Þótt væntanleg brunamálastofnun verði að sjálfsögðu að veita meginhluta af þjónustu sinni endurgjaldslaust, þá mun hún einnig þurfa að taka að sér verkefni, sem eðlilegt er að taka greiðslu fyrir. Hversu háar þessi tekjuliður kann að verða er erfitt að áætla á þessu stigi.
- c. Eðlilegt þykir, að hið opinbera hlaupi undir bagga, ef framangreindir tekjuliðir nægja ekki til reksturs stofnunarinnar. Ekki ætti ríkissjóður þó að verða fyrir verulegum fjárútlátum í þessu tilefni.

Um 28. gr.

Greinin virðist ekki þurfa skýringar við.

Um 29. og 30. gr.

Mjög erfitt hefur reynzt í framkvæmd að framfylgja lögum og reglugerðum um brunamál. Hvort tveggja er, að ýmis yfirvöld hafa ekki sýnt þá árvekni, sem ber, og hins vegar hefur mjög skort heimildir til að taka í taumana, þegar brot eru framin. Þykir nauðsynlegt að bæta úr slíku.

Rétt þykir að veita brunamálastjóra heimild til að beita heimildum þessara greina, ef yfirvöld á staðnum gera ekki fullnægjandi ráðstafanir.

Um 31. gr.

Eins og fram kemur í inngangi þessarar greinargerðar, þykir óeðlilegt að binda í lögum ýmis framkvæmdaatriði svo og reglur um tæknimálefni. Fer betur á því að hafa slíkt í reglugerð.

Ef sveitarstjórn vill setja reglur um skipun brunamála sinna, virðist sjálf-sagt að heimila slíkt með þeim hætti, sem 2. mgr. gerir ráð fyrir.

Um 32.—34. gr.

Virðast ekki þurfa skýringa við.“